

**Nokkrar baðlaugar á miðhálandinu. Drög að
yfirliti**

Freysteinn Sigurðsson

Greinargerð FS-98-01

25.03.1998.

NOKKRAR BAÐLAUGAR Á MIÐHÁLENDINU

Drög að yfirliti

Uppi á miðhálandi Íslands er jarðhiti á þó nokkrum stöðum. Þar er hins vegar óvída þörf fyrir hitaveitur og því hefur lítið verið fengist við þennan hita, nema helst orkurík háhitasvæði. Jarðhitinn er samt ekki með öllu ónytjaður, því að á nokkrum stöðum hafa menn í seinni tíð gjört laugar að honum, þó ekki séu þær allar stærri en svo, að rétt megi troða mjóum og stuttum manni ofan í þær. Á ferðum mínum um Miðhálandið hef ég séð sumar þeirra en heyr af öðrum, þó að ugglaut séu þar einhverjar baðlaugar, sem ég veit ekki af, og fátt sem ég veit um aðrar. Það er samt ekki óskyldur fróðleikur að halda því til haga. Hér á eftir eru taldar upp þær laugar, sem ég man eftir, en þess skal getið, að ég hef ekki skráð þær neitt sérstaklega hjá mér, né elst við að leita lauga í heimildum. Þessi greinargerð verður því að skoðast sem drög til að fylla upp í og betrumbæta. Með er látin fljóta skrá eftir minni um jarðhitakynnta fjallaskála og önnur um fáeina staði, þar sem sæluhús og fjallabýli voru reist við volgrur sem vatnsból.

Nokkrar baðlaugar á Miðhálandinu:

Hálendislaugar eru a.m.k. á eftirtöldum stöðum:

1. *Síká í Hrótafirði:* Á allra síðustu árum hefur verið lagað laugabað frammi á heiðum við Síká í Hrótafirði, en laugarnar eru úti í ánni (Kristján Sæmundsson, munnlegar upplýsingar).
2. *Hveravellir á Kili:* Þar er lands- og heimsfræg laug rétt við gamla sæluhús Ferðafélags Íslands. Mig grunar, að hún sé af svipuðum aldri og húsið, en það mun vera frá 1938, a.m.k. minnst ég þess ekki, að hafa séð hennar getið fyrr. Laugin var grjóthlaðin, síðar "steypufest", en fyrir fáeinum árum var hún "löguð" enn frekar. Fáar laugar íslenskar munu hafa komist á eins margar myndir og þessi.
3. *Kerlingarfjöll:* Þar mun hafa verið gerð laug, þegar "hitaveita" var sett á laggir á staðnum. Hana hef ég ekki skoðað og veit sára lítið um hana.
4. *Laugafell á Fjöllum (eða Laugafellsöræfum):* Þar var og er laugarkrili (ílöng klapparþró) í lækjargili rétt vestur (norður) frá sæluhúsi Ferðafélags Akureyrar, sem kallað er Þórunnarlaug. Hún á að vera kennd við Þórunni á Grund í Eyjafirði (uppi um miðja 16. öld), sem þangað hafi flúið í Svartadauða (1402 - 1404), eða "Þórunni ríku á Möðruvöllum", sem enginn kannast við. Um þessa laug hefur verið skrifað, en ekki man ég lengur hvaða heimild það er. Þrætt var af hörku um, hvort laugin væri manngerð eða náttúruleg. Um allnokkra hríð hefur verið sundlaug undir barði rétt hjá sæluhúsinu. Hún var hlaðin úr grjóti, en hefur nú verið steipt að hluta, líklega fyrir 5 - 10 árum. Reist hafa verið búningshús við laugina, en hún er geysi mikið sótt af ferðamönnum á svæðinu.
5. *Hinulaug hjá Marteinsflæðu:* Á melhóli austan Marteinsflæðu við Skjálfandafljót uppi í Fljótsdrögum er laug, sem þjökkuð hefur verið ofan í hveraklöppina og hlaðið að, vel sethæf einum manni. Mjór en afar gróskumikill gróðurkragi er umhverfis laugina á blásnum

MÁ EIGGI FJARLEGJA

melnum. Í Árbók FÍ 1981 er sagt, að Baldur Sigurðsson á Akureyri hafi gert hana eftir 1972, en hann gerði út um hríð í Gæsavötn.

6. *Víti í Öskju*: Áhöld eru, hvort kalla skuli þetta laug, en þarna baða ferðamenn sig í leirskolugu vatninu, oft kviknaktir, og láta mynda sig við þá iðju. Afrennsli er ekkert ofanjarðar frá Víti, brunaheitt í uppkomuaugum og nákuldi undir heita vatninu annars staðar, enda hafa þarna orðið mannskaðar.
7. *Laugarvellir í Brúardölum*: Norðan við gangnamannakofann á Laugarvöllum er stundum stífluð uppi baðlaug í lækjarfarvegi, en einnig hefur læknur verið hjálpað til að falla í steypibaði fram af hverahellubrún ofan í farveg Laugarvallaár. Þá veitu mun Bessi Aðalsteinsson hafa gert, þegar hann var að kortleggja þar fyrir Orkustofnun kringum 1980. Þessi laug og steypibað eru vinsæl hjá útlendum ferðamönnum, en stundum skortir sitthvað á umgengina. Um jarðhitann sjá skýrslu Helga Torfasonar OS-89057/JHD-29 B.
8. *Glúmstaðasel í Hrafnkelsdal*: Rétt við rústirnar af Glúmsstaðaseli er eða var uppstífluð torflaug, sæmileg laug fyrir a.m.k. einn eða tvo menn, að því mig minnir. Mig grunar, að þessi laug sé ekki viðvarandi, því að stíflan fyrir henni fari fljótlega í vatnavöxtum og af undangreftri laugarvatnsins. Um jarðhitann sjá OS-89057/JHD-29 B.
9. *Lindur í Hálsi*: Laugar eru í vallendisgræfum rétt hjá kofanum í Lindum í Hálsi við Jökulsá á Dal. Í einni þeirra ("baðkerið", OS-89057/JHD-29 B) má vel baða sig, og mun það hafa verið gert. Þarna mætti útbúa bráðskemmtilegan baðstað, en í umræðu hefur verið, að leggja Lindur undir Háslón við virkjun Jökulsár á Dal.
10. *Lind við Laugará á Fljótsdalsheiði*: Þökkaleg laug mun hafa verið gerð á þessum stað, en að henni hef ég ekki komið. Þarna mun hafa verið baðhæf laug um nokkurn tíma.
11. *Strútslaug við Hólmsárlón*: Við Strútslaug var forðum tjaldstaður gangnamanna, en laugin mun snemma hafa verið gerð baðhæf, það sem á kann að hafa skort af náttúrunnar hálfu. Svo reisti ferðamenskufólinn Dick Philipps kofa við laugina og var eitthvað að bisa við hana sjálfa. Kofinn er nú þaklaus, en um laugina veit ég ekki. Þarna hef ég ekki komið.
12. *Landmannalaugar*: Laugarnar eru í læk undan Laugahrauni, á gróðurfit rétt hjá sæluhúsi FÍ, sjálfgerðar að mestu en aðgöngubúnaður er manngerður við þær. Þessar laugar munu frægastar á hálendi Íslands. Mig grunar, að baðmennska hafi ekki komist í almenna tísku þar fyrir en um miðja þessa öld. Áður var meira rómuð kaffilögun úr heitum uppsprettum undan hrauninu.
13. *Laug við Brathálskvísl á Laufaleitum*: Sumarið 1995 fundu jarðfræðingarnir Kristján Sæmundsson og Guðmundur Ó. Friðleifson heita uppsprettu við Brathálskvísl, skammt frá vegi og skálum við Álftavatn. Þar mun hafa verið gerð laug í kvíslarjaðrinum.
14. *Reykholtslaug í Þjórsárdal*: Um má deila, hvort laug þessi sé í byggð eða á hálendi. Þar mun fyrst hafa verið hlaðin laug eða illa steipt, en nú er þarna steipt laug með búningsklefum, eða var a.m.k. til skamms tíma.

Einhverjir ferðalangar munu hafa troðið sér ofan í hina og þessa aðra volga pytti á hálendinu, auk þeirra framanskráðu, t.d. í Nauthaga í Þjórsárverum og þurrabað á Þeistareykjum. Framantaldar laugar munu flestar hafa verið teknar í gagnið eða gerðar á allra síðustu áratugum, þó að Landmannalaugar og hugsanlega Hveravellir hafi fyrir öðlast frægð nokkra. Þarft verk væri að kanna heimildir um hálendislaugar og gera þessu efni betri skil, en trúlega er mikið af þekkingu um þær enn óskráð hjá ýmsum hálendisförom. Svona laugar geta verið aðlaðandi fyrir ferðamenn, en skipuleg skráning þeirra getur verið örvandi fyrir jarðhitánytingu á hálendinu.

Nokkrir jarðhitakyntir fjallaskálar:

Hér eru taldir nokkrir fjallaskálar, sem ég hef séð eða heyrt talað um, að séu kyntir með jarðhita. Fyrirvara verður að hafa með suma, því að ég hef ekki handbær gögn um þá alla né fengið staðfestingu á jarðhitakyndingunni á sumum staðanna. Á einhverjum þeirra gæti jarðhitakynding hafa lagst af, en vandræði geta verið með lagnir, sem eru löngum tímum án eftirlits, eða enginn telur sig sérlega ábyrgan fyrir.

- Hveravellir, gamla sæluhúsið og veðurstöðin.
- Kerlingarfjöll (hitaveita).
- Laugafell á Laugafellsöræfum (gekk illa stundum).
- Þeistareykir (a.m.k. um hríð)
- Kverkfjöll (Hveradalur)?
- Grímsvatnaskálar (úr borholum !).
- Landmannalaugar.
- Hrafninnusker (nýi skálinn) ?
- "Dalakofinn" á mótum Blautukvíslar og Markarfljóts (gekk stundum illa).

Eitthvað vantar trúlega í þessa upptalningu.

Volg vatnsból á fjöllum:

Volgrur frjósa ekki á vetrum, en höfuðnaðsyn er og var að hafa aðgang að þíðu vatni, þeim er bjuggu á fjallabýlum eða gistu í skálum og sæluhúsum. Að ekki sé talað um þarfir útileguþjófa á þeirra bólstöðum. Trúlega vantar mikið í þessa skrá.

- Sæluhús var forðum við Sæluhúsakvísl, austan Uxahryggja á Bláskógaheiði (sjá skrá Pálma hannessonar í Árbók FÍ 1928). Það stóð á klöpp, en volgrur vætla úr henni og undan (um 30 °C). Þarna var alltaf þítt vatnsból.
- Sama var í Gullberastaðaseli inn af Lundarreykjadal. Þar voru volgrur í lækjardragi við húsín, sem nú eru þó kólnaðar.
- Volgrur (9 - 13 °C) eru við kofann Grána við Geldingsá á Nýjabæjarafrétt.
- Volgrur eru rétt hjá Múlakoti við Reykjará í Brúardölum.
- Glúmsstaðasel stóð hjá laugum, sem fyrr segir.
- Líklega hafa býli, sem forðum stóðu í Laugarhvammi á Hrunamannaafrétti, líka stuðst við volg vatnsból á veturna.

Fleiri dæmi mætti ugglaut finna, ef að væri gáð.

Talið er, að Fjalla-Eyvindur hafi valið sér bólstaði við kaldavermslislindir á hálendinu, a.m.k. eru rústir á slíkum slóðum gjarnan við lindir, og hafa þær sumar verið kenndar Fjalla-Eyvindi, margar að rengdu máli. Má þar nefna rústir í Hvannalindum, Herðubreiðarlindum, og víðar. Líklega hafa laugar verið frekar nýttar sem vetrarvatnsból utan ungu og lindaleku gosbeltanna. Á þeim var víða nóg af síþíðum kaldavatnslindum. Fróðlegt væri að kanna betur vetrarvatnsból á fjallabýlum, sæluhúsum og leitarmannaskálum á hálendinu.

Freysteinn Sigurðsson, jarðfræðingur á Orkustofnun, tók saman í mars 1998.